

Úttektir á klæðingum á Vestfjörðum 11. til 13. júní 2019.
Gunnar Bjarnason, Vegagerðin og Pétur Pétursson, PP-ráðgjöf -
júlí 2019.

Vorið 2019 var töluvert rætt um að almennt ástand klæðinga á Vestfjörðum væri lélegt. Af því tilefni var ákveðið að gera úttekt á því og var það gert af skýrsluhöfundum dagana 11. til 13. júní 2019. Farinn var hringur og skoðaðir kaflar á vegum með númerin 60, 61, 62 og 63. Úttektin var einnig takmörkuð við klæðingar sem lagðar vour á árunum 2014 til 2018.

Í skýrslunni er ástandi einstakra kafla lýst. Þá eru teknar saman tölulegar upplýsingar um ástandið skipt á útlagnaár klæðinga og svo vegahreiti (vegnum). Að lokum er umræða um niðurstöðurnar.

Fram kemur að af 177 km, sem voru ástandsmetnir, voru tæpir 19 km metnir ónýtir vegir og þar með talin klæðing sem á þá hafði verið lögð. Flestir þessir ónýtu kaflar voru á Bíldudalsvegi. Ástæða fyrir þessu mati var oftast að skemmdir mátti rekja til burðarlaga og það metið svo að kaflarnir hefðu allir þurft styrkingu áður en klæðing var lögð á þá.

Þá kemur fram, eins og oft áður við úttektir sem þessar, að rekja má skemmdir til vetrarviðhalds þannig að snjóplógar skrapa klæðinguna af hryggjum á milli hjólfara. Ef þessar skemmdir væru ekki, væru 80% af köflunum sem teknir voru út metnir í lagi. Bent er á að í mörgum tilvikum væri því betra að leggja eingöngu í hjólförin en best væri að fylla þau fyrst og heilklæða svo yfir. Ef þversnið er tiltölulega slétt er minni hætta á að snjóplógar nái að skrapa steinefnin burt.